

22. febrúar 1974.

57

Nr. 44.

## REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netaveiðisvæði fyrir Vestfjörðum  
og út af Snæfellsnesi.

### 1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eða flotvörpu, eru bannaðar veiðar frá útgáfudegi reglugerðar þessarar til 15. mars 1974 á svæði fyrir Vestfjörðum, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta:

1. 65°36'N 25°15'V
2. 65°43'N 26°02'V
3. 65°58'N 25°43'V
4. 65°51'N 25°05'V

### 2. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu eða flotvörpu, eru bannaðar veiðar frá útgáfudegi reglugerðar þessarar til 15. apríl 1974 á svæði út af Snæfellsnesi, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta:

1. 64°51,5'N 24°13'V
2. 64°47,5'N 24°31'V
3. 65°10'N 24°45,5'V
4. 65°10'N 24°25'V

### 3. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og verða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1974.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Þórður Ásgeirsson.*